

Fundargerð 135. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 8. september kl. 12:00 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Útdeiling fjármuna vegna innleiðingar á farsældarlögum - 2108023SA

HLH-ráðgjöf hefur unnið tillögu að áætlun um útdeilingu fjármagns vegna samþættingarlaga, mat á ávinningi auk árangursmælikvarða. Arnar Haraldsson frá HLH kom á fundinn og fór yfir yfir markmið laganna og kostnaðarmat á sameiginlegum fundi fræðslumála- og félagsþjónustunefnda sambandsins.

Fram kom að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að sjá um útdeilingu fjármagns eftir tilteknu líkani en viðmið þar um eru enn á tillögustigi. Lagt er til að þau taki mið af nokkrum breytum: fjölda barna, hlutfall barna sem fær stuðning, hlutfall barna af erlendum uppruna og mögulega félags- og fjárhagslegrar stöðu. Ljóst er að þessar breytur geta verið mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og mikilvægt að hafa til hliðsjónar við útdeilingu fjármagns. Þá er afar þýðingarmikið að öll skráning á þörf og hagnýtingu sveitarfélaga á fjármagni verði skráð með samræmdum hætti og nefndi Arnar app í tengslum við samræmda móttöku flóttafólks sem fyrirmynd að samræmdri skráningu og grunni að árangursmati. Búið er að tryggja fjármögnun í næstu fjármálaáætlun og gert er ráð fyrir að fram fari endurmat á innleiðingunni að þremur árum liðnum.

Nefndarmenn lýstu ánægju með vinnulag, fjármögnun og annan undirbúning innleiðingar laganna. Þeir lýstu áhyggjum af skuldbindingu heilbrigðiskerfisins og þætti þess í innleiðingu tillagna. Þá komu fram efasemdir um forsendur skiptingar fjármagns á mismunandi stig þjónustu, annað stigið tæki mun meira til sín en skiptingin gæfi til kynna. Arnar þakkaði fyrir góðar ábendingar sem hann mun taka mið af í áframhaldandi vinnu við útfærsluna.

2. Kostnaðarmat tillagna vegna styrkingar leikskólastigsins - 2009059SA

Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins skilaði skýrslu til ráðherra í maí 2021, þar sem lagðar eru fram 31 tillaga, í sex köflum, með aðgerðum til styrkingar leikskólastigsins, m.a. um endurskoðun á aðalnámskrá leikskóla, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla og byggingarreglugerð. Skýrslan hefur verið birt á vef

stjórnarráðsins. Leiðarljós í starfi og tillögum starfshópsins var að hagsmunir barna væru hafðir í forgrunni í öllu starfi leikskóla og að byggt væri á bestu þekkingu hverju sinni. Til að ná því markmiði er mikilvægt að fjölga starfandi leikskólakennurum og stuðla að öflugri starfsþróun alls starfsfólks í leikskólum. Unnið hefur verið kostnaðarmat á þeim tillögum sem ætla má að leiði til aukins kostnaðar. Þær tillögur sem ekki eru kostnaðarmetnar eru taldar falla undir lögbundin eða hefðbundin verkefni. Nokkrar tillögur eru þess eðlis að ekki er hægt að kostnaðarmeta fyrir en að aflokinni stefnumótun. Kostnaðarmatið verður ekki birt á vef stjórnarráðsins. Klara E. Finnbogadóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir fóru yfir tillögur og kostnaðarmat þeirra.

Fram kom að tillögum verður forgangsraðað og samráð við sambandið og sveitarfélög verði grundvallaratriði við ákvörðun næstu skrefa. Erfitt reyndist að kostnaðarmeta sumar tillagnavegna eðlis þeirra en ljóst að nokkrar þeirra munu leiða til mikils kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Áhugi er í stjórn sambandsins að fá kynningu á tillögum og kostnaðarmati og lagt var til að fá fulltrúa menntamálaráðuneytis á næsta fund fræðslumálanefndar til þess að ræða framvindu máls og ákvarðanir um frekari kynningu þess.

3. Skólaþing sveitarfélaga 2021 - 2012039SA

Drög að dagskrá Skólaþings sveitarfélaga 2021 voru lögð fyrir fræðslumálanefnd til kynningar.

4. Ráðgjafarnefnd Menntamálastofnunar. - 2010012SA

Fundargerð ráðgjafarnefndar Menntamálastofnunar frá 23. júní sl. var lögð fram til kynningar

5. Menntastefna 2030 - 2009337SA

Ályktun fræðslumálanefndar vegna aðgerðaáætlunar menntastefnu var samþykkt á síðasta stjórnarfundum sambandsins og hefur framkvæmdastjóri sambandsins sent menntamálaráðherra bréf þess efnis, sem lagt var fram til kynningar.

6. Samræmd skipting stjórnarsýslunnar - 2102035SA

Starfshópur forsætisráðherra skilaði nýverið skýrslu um samræmda skiptingu stjórnarsýslunnar. Markmið hópsins var að koma með tillögu að ásættanlegri, einfaldri og samhæfðri skiptingu með hag íbúa og þjónustu við þá að leiðarljósi. Í dag er landinu skipt upp í a.m.k. 6 mismunandi svæði á grundvelli málaflokka og/eða opinberrar þjónustu af e-u tagi. Skýrslan var lögð fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 14:00

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir